

Nd.

499. Nefndarálit

[23. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EO).

Nefndin hefur klotnað um afstöðu til þessa máls. Meiri hlutinn hefur enn hvorki viljað taka afstöðu með því eða móti, en ég legg til, að það sé samþykkt.

Ég álit, að sú rýmkun haftanna á útflutningi og innflutningi, sem í þessu frv. felst, samrýmist best almenningshagsmunum, þar sem samkvæmt því yrði haldið eftirliti ríkisins og valdi, þegar það er ekki beinlínis til hindrunar framtaki fólks til eflingar markaða og aukningar framleiðslu. Jafnframt væri þá sett lágmarksverð á útflutningsvörurnar og hámarksverð á innfluttar vörur í smásölu, og hagsmunir þjóðarinnar í þessum mikilsverðu málum tryggðir. Þýðingarmest yrði þó, að með samþykkt þessa frv. yrði hægt fyrir útflytjendur að vinna af miklu meiri krafti að því að auka framleiðslu og útflutning og leggja þannig heilbrigðan grundvöll að auknum innflutningi nauðsynjavara. Það er að minu álit mjög skaðlegt fyrir þjóðina, hve lengi hefur dregizt að samþykkja þetta frv. Á þeim mörkuðum, sem ég sannaði í greinargerð frv., að væru til í Austur-Þýzkalandi, hefði nú þegar verið hægt að vera búð að selja islenzkar afurðir fyrir margar milljónir króna og fá nauðsynjavörur í staðinn. Sakir einokunarinnar og seinlætis og áhugalessis ríkisstjórnarinnar hafa tapazt þarna milljónir króna, sem fengizt gátu fyrir útflutningsafurðir, sem fólkið nú hefur ekki fengið að framleiða, selja og kaupa séi nauðsynjar fyrir andvirði þeirra.

Ég vænti þess, að þjóðinni sé ekki bakað meira tjón en orðið er með drættinum á samþykkt þessa frv., og legg því til, að það verði samþykkt nú.

Alþingi, 16. jan. 1951.

Einar Olgeirsson.